

Föstudaginn 7. nóvember 1952.

Nr. 11/1952. **Ákærvaldið** (Gústaf A. Sveinsson)
 gegn
Ingjaldi Kjartanssyni (Kristján Guðlaugsson)
 og
Guðmundi Jónssyni (Sigurður Ólason).

Verðlagsbrot.

Dómur Hæstaréttar.

Málsatvikum er rétt lýst í hinum áfrýjaða dómi. Við sölu þá, sem í málinu greinir, hafa ákærðu brotið gegn tilkynningu Viðskiptanefndar um hámarksálagningu nr. 37 frá 31. desember 1947, og varðar brot þeirra við þau refsíákvæði, sem segir í héraðsdómi. Þykir refsing hvors þeirra hæfilega ákveðin 2500 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 20 daga varðhald í stað hvorrar sektar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu skaðabóta og málskostnað í héraði staðfestast.

Hvor ákærðu greiði málflutningslaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 800.00. Allan annan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1400.00, greiði ákærðu in solidum.

Kristján Guðlaugsson hæstaréttarlögmaður hefur réttlætt drátt þann, sem varð af hans hendi við ritun varnar fyrir héraðsdómi.

Dómsorð:

Ákærðu, Ingjaldur Kjartansson og Guðmundur Jónsson, sæti hvor um sig 2500 króna sekt til ríkissjóðs, er afplánist 20 daga varðhaldi, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu skaðabóta og málskostnað í héraði staðfestast.

Ákærði Ingjaldur Kjartansson greiði verjanda sínum

fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmanni Kristjáni Guðlaugssyni, kr. 800.00 í málflutningslaun. Ákærði Guðmundur Jónsson greiði verjanda sínum fyrir Hæstarétti, Sigurði E. Ólasyni hæstaréttarlögmanni, kr. 800.00 í málflutningslaun. Ákærðu greiði in solidum allan annan kostnað sakarinnar fyrir Hæstarétti, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda fyrir Hæstarétti, Gústafs A. Sveinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 1400.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur verðlagsdóms Reykjavíkur 26. október 1951.

Ár 1951, föstudaginn 26. október, var í verðlagsdómi Reykjavíkur, sem haldinn var á skrifstofu sakadómara af fulltrúa hans Einari Ingimundarsyni og Rannveigu Þorsteinsdóttur lögfræðingi, meðdómara í verðlagsdómi Reykjavíkur, kveðinn upp dómur í málinu nr. 3692—93/1951: Ákærvaldið gegn Ingjaldi Kjartanssyni og Guðmundi Jónssyni, sem tekið var til dóms þann 28. fyrra mánaðar og síðan að aflokinni framhaldsrannsókn þann 12. þessa mánaðar.

Málið er af ákærvaldsins hálfu höfðað gegn þeim ákærðu Ingjaldi Kjartanssyni rakara, Laugavegi 58B, og Guðmundi Jónssyni framkvæmdarstjóra, Snekkjuvogi 21, fyrir brot á lögum nr. 35/1950 um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm, sbr. reglugerð nr. 82/1947 um verðlagseftirlit o. fl., til refsingar og upptöku eigna.

Báðir eru ákærðu komnir yfir lögaldur sakamanna.

Ákærði Ingjaldur er fæddur 30. september 1919 í Reykjavík, og hefur hann, svo vitað sé, sætt eftirfarandi kærnum og refsingum:

Í Reykjavík:

1934 31/12 Sátt: 5 kr. sekt fyrir hjólreiðar í Bankastræti.

1947 11/9 Sátt: 50 kr. sekt fyrir ökuhraða bifreiðar.

1948 14/11 Kærður fyrir ölvun innanhúss. Fellt niður.

1949 14/10 Sátt: 50 kr. sekt fyrir brot á 4. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.

1950 11/8 Sátt: 150 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.

Ákærði Guðmundur er fæddur 22. desember 1920 að Efri-Skútu á Siglufirði, og hefur hann, svo vitað sé, sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

Á Siglufirði:

1940 23/11 Sátt: 50 kr. sekt fyrir óspektir og mótpróa við lögregluna.

Á Akureyri:

1945 25/8 Sátt: 100 kr. sekt fyrir brot gegn reglugerð nr. 49/1936.

Í Reykjavík:

1948 10/12 Sátt: 75 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.

1949 10/10 Dómur: 10 daga varðhald og sviptur ökuleyfi í 6 mánuði fyrir brot gegn áfengislögum og bifreiðalögum.

1950 20/6 Kærður fyrir ölvun í bifreið. Fellt niður.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina:

Vorið 1949 flutti heildverzlun Gísla Jónssonar & Co inn litla dráttarvél, 8.2 hestöfl, ásamt korndælu, mótör til að knýja það áhald með og tilheyrandi hjólaútbúnaði með dælunni. Var hér um sýnishorn að ræða, bæði hvað snerti dráttarvélin og hin tækin. Fyrirnefnd heildverzlun leitaði umsagnar ráðunauts Búnaðarfélags Íslands um þessa dráttarvél, en hann taldi hana of aflitla til notkunar hér á landi, og var því vélin ásamt fylgitækjum sínum ekki seld að svo stöddu, en geymd í geymsluskála nefndrar heildverzlunar á Seltjarnarnesi.

Einhvern tíma sumarið 1950 var ákærði Ingjaldur á ferð með Haraldi Gíslasyni námsmanni, Ægisgötu 10, og kom í geymsluskálann, sem dráttarvélin og fylgitæki hennar voru geymd í. Sá þá ákærði Ingjaldur dráttarvélin og spurði Harald, sem er sonur Gísla Jónssonar alþingismanns, en hann á heildverzlunina, sem við hann er kennd, hvort dráttarvélin og tækin með henni væru til sölu, og tók Haraldur að sér að aðstoða ákærða Ingjald við að fá þetta keypt. Haraldur kveðst, þegar kaup á þessari dráttarvél bárust í tal, hafa látið þess getið við ákærða Ingjald, að fróðir menn væru búnir að úrskurða, að tækin væru svo aflitil, að þau væru ekki hentug fyrir meiri háttar landbúnaðarstörf, heldur fremur fyrir gróðrarstöðvar og þess háttar. Síðan kynnti Haraldur sér það hjá Guðmundi Gíslasyni, framkvæmdarstjóra heildverzlunar Gísla Jónssonar & Co, hvað tækin kostuðu, og sagði ákærða Ingjaldi frá því. Eftir að ákærði Ingjaldur tók að hugleiða að kaupa tækin, sem hér ræðir um, kveðst Haraldur Gíslason hafa gert sér ferð með honum út að skálanum, sem tækin voru geymd í, sýnt ákærða Ingjaldi þau, og hafi þeir Haraldur og ákærði Ingjaldur síðan sett dráttarvélin í gang svo og mótörinn, sem fylgdi henni, og ekið dráttarvélinni eitthvað um nágreinnið. Eftir því sem næst verður komizt, hafa þessi samskipti þeirra Haralds Gíslasonar og ákærða Ingjalds út af umræddum tækjum átt sér stað milli 20. og 30. ágúst 1950. Ákærði Ingjaldur hefur tekið fram, að hann hafi ekki haft neinn ákveðinn mann í huga, sem hann hugðist selja eða útvega dráttarvélin og tækin, sem hér ræðir um, heldur hafi hann gert ráð fyrir, að hann myndi geta selt einhverjum mönnum í sveit tækin. Eftir að ákærði Ingjaldur tók að hugsa um að kaupa tækin, fór hann þó inn í verzlunina Von hér í bæ og nefndi það a. m. k. við afgreiðslumanninn þar, hvort ekki myndi Gunnar Sigurðsson kaupmaður, sem einnig á og rekur bú að Gunnarshólma í Kópavogshreppi, vilja kaupa þessi tæki. Heldur þó Gunnar Sigurðsson því fram, að ákærði Ingjaldur hafi orðað þetta við hann sjálfan, en ákærði Ingjaldur neitar því, að svo hafi verið, heldur kveðst hann aðeins hafa haft orð á þessu við afgreiðslumanninn í verzluninni, Jón að nafni. Ekki verður séð, að ákærða Ingjaldi hafi verið veittur neinn ádráttur um, að Gunnar Sigurðsson kaupmaður keypti margnefnd

tæki, og kveðst ákærði Ingjaldur meira að segja aldrei hafa rætt þetta mál við hann sjálfan, eins og fyrr segir.

Einhvern tíma í ágústmánuði 1950, eftir að ákærði Ingjaldur fékk áhuga á að kaupa dráttarvélinu og fylgitæki hennar, bað ákærði Ingjaldur ákærða Guðmund, sem er kunningi hans, um að selja fyrir sig dráttarvélinu og fylgitæki hennar. Ber þeim ákærðu Ingjaldi og Guðmundi saman um, að ákærði Ingjaldur hafi þá látið þess getið við ákærða Guðmund, að bæði dráttarvélin og fyrrnefnd fylgitæki hennar væru notuð, en ekki hafi hann minnst á, hvers vegna hann hafi keypt þessa hluti eða vildi nú selja þá. Einnig segir ákærði Guðmundur, að ákærði Ingjaldur hafi, er hann fól honum sölu á umræddum tækjum, látið þess getið, að hann vildi fá kr. 13.000.00 eða 13.500.00 fyrir öll tækin. Þessu hefur ákærði Ingjaldur hins vegar eindregið mótmælt, og kveðst hann, er hann fól ákærða Guðmundi sölu þessara hluta, alls ekki hafa minnst á neina fjárupphæð, sem hann vildi fá fyrir þá, og hafa ákærðu, hvor um sig, haldið fast við þessa framburði sína. Leið nú nokkur tími, og var dráttarvélin og fylgitæki hennar, sem ákærði Guðmundur hafði tekið að sér að selja, eftir sem áður geymd í geymsluskála heildverzlunar Gísla Jónssonar. Þegar ákærði Ingjaldur fól ákærða Guðmundi að selja fyrir sig umrædd tæki, mun hann hafa látið þess getið við hann (ákærða Guðmund), að hann vissi til, að Gunnar kaupmaður í Von vildi e. t. v. kaupa þessi tæki. Þetta kveðst ákærði Ingjaldur hafa sagt til að reyna að flyta fyrir sölu á tækjunum, en ekki af því, að það hefði við nein rök að styðjast.

Um hádegisbilið þann 30. ágúst 1950 hitti Sigurður Benediktsson listaverkakaupmaður, Borgarholti við Engjaveg, ákærða Guðmund. Spurði þá ákærði Guðmundur Sigurð, hvort hann vildi kaupa af sér dráttarvél ásamt fylgitækjum. Kvaðst Sigurður ekki hafa neinn áhuga á að kaupa slík tæki fyrir sjálfan sig, en hins vegar vissi hann til, að Þorgrím Einarsson garðyrkjumann, Smyrlsvegi 22, vantaði litla dráttarvél til að nota við garðyrkjustöð sína, en Þorgrímur er kunningi Sigurðar. Tjáði Sigurður því ákærða Guðmundi, að til mála gæti komið, að hann vissi um kaupanda að dráttarvélinni. Segir Sigurður ákærða Guðmund þá hafa sagt sér, að ákveða þyrfti það fyrir kl. 3 þenna sama dag, hvort úr þessum kaupum yrði, því að ella mundi Gunnar kaupmaður í Von kaupa þessi tæki. Ekki kveðst ákærði Guðmundur muna eftir því, að hann hafi sett Sigurði Benediktssyni þenna ákveðna frest til ákvörðunar um kaup á umræddum tækjum, en vill þó ekki fullyrða, að svo kunni ekki að hafa verið. Segir ákærði Guðmundur, að hafi svo verið, að hann hafi tiltekið þenna frest til ákvörðunar um kaupin, þá muni hann hafa „slegið þessu fram“, m. a. til að flyta fyrir væntanlegum kaupum Sigurðar á dráttarvélinni og fylgitækjum hennar. Sigurður Benediktsson segir ákærða Guðmund hafa sagt sér, er þeir ræddu um dráttarvélarkaupin, að hún og tækin, sem fylgdu henni, væru alveg ný og ónotuð. Ekki kannast ákærði Guðmundur við að hafa sagt Sigurði þetta, en kveðst annars ekki muna samtal þeirra Sigurðar um dráttarvélinu orði til orðs. Eftir þetta samtal þeirra Sigurðar Benediktssonar og ákærða Guðmundar símaði Sigurður til Þorgríms Ein-

arssonar og tjáði honum, að hann myndi geta útvegað honum litla dráttarvél með fyrrnefndum fylgitækjum á kr. 22.000.00, en það verð hafði ákærði Guðmundur tilgreint á þessum tækjum. Jafnframt lét Sigurður þess getið við Þorgrím, að hann yrði að vera búinn að ákveða það fyrir kl. 3 þenna dag, hvort hann vildi kaupa tækin eða ekki. Segir Sigurður Þorgrím þegar hafa látið á sér skilja, að hann myndi sennilega vilja kaupa þessi tæki. Eftir samtalið við Þorgrím setti Sigurður sig í samband við ákærða Guðmund og bað hann um að halda fyrir sig dráttarvélinni og fylgitækjum hennar, því að hann hefði kaupanda að þessum hlutum. Þegar hér var komið, mun ákærði Guðmundur hafa sett sig í samband við ákærða Ingjald og sagt honum frá væntanlegri sölu dráttarvélarinnar og fylgitækja hennar, en Ingjaldur mun síðan hafa haft samband við Harald Gíslason, sem fyrr er nefndur, og lét hann síðan flytja tækin á vörubífreið úr skálanum, sem þau höfðu verið geymd í, að skrifstofu heildverzlunar Gísla Jónssonar & Co á Ægisgötu 10. Síðan setti Sigurður Benediktsson sig í samband við ákærða Guðmund, og fóru þeir síðan báðir vestur að skrifstofu heildverzlunar Gísla Jónssonar & Co á Ægisgötu 10, en þar var þá fyrir vörubífreið, og stóð á palli hennar umrædd dráttarvél og fylgitæki hennar. Þarna var staddur Haraldur Gíslason, og segir Sigurður Benediktsson sér hafa skilzt á öllu, að hann væri að einhverju leyti viðriðinn söluna á þessum tækjum, enda segir Sigurður ákærða Guðmund hafa verið búinn að segja sér það áður, að hann (ákærði Guðmundur) væri að selja þessi tæki fyrir Gísla Jónsson. Fóru þeir nú allir, Sigurður Benediktsson, ákærði Guðmundur og Haraldur Gíslason, heim til Þorgríms Einarssonar að Smyrilsvegi 22 með dráttarvélinu og fylgitæki hennar. Segir Sigurður þetta hafa verið gert eftir kröfu sinni, því að hann hafi neitað að greiða tækin, fyrr en raunverulegur kaupandi þeirra væri búinn að sjá þau. Annars hefur Sigurður tekið fram, að sér hafi virzt sem einhver hula væri yfir sölu þessara tækja af hálfu þeirra, sem voru að selja þau, því að svo hafi virzt sem þeim væri áhugamál, að kaupandinn sæi ekki tækin, fyrr en kaupin væru ákveðin.

Þegar heim til Þorgríms Einarssonar var komið með dráttarvélinu og fylgitæki hennar, varð það úr, að hann (Þorgrímur) keypti tækin öll, og voru þau síðan afhent honum, en Sigurður Benediktsson fór að skrifstofu heildverzlunar Gísla Jónssonar, hitti þar ákærða Guðmund og greiddi honum nú kr. 22.000.00, eins og upp var sett, fyrir dráttarvélinu og öll fylgitæki hennar, en áður hafði Sigurður tekið við þessari fjárupphæð af Þorgrími Einarssyni. Fullnaðarkvittun fyrir þessari greiðslu fékk Sigurður hjá ákærða Guðmundi, daginn eftir að afhending tækjanna fór fram, og er hún dagsett 30. ágúst 1950, eða sama dag og tækin voru afhent og greidd.

Afhenti síðan ákærði Guðmundur ákærða Ingjaldi kr. 13.000.00 af andvirði hinnar seldu dráttarvélar og fylgitækja hennar, fremur en kr. 13.500.00, en um þetta atriði ber þeim ákærða Guðmundi og Ingjaldi ekki fyllilega saman. Stakk síðan ákærði Guðmundur því af andvirði tækjanna, sem afgangs var, þ. e. kr. 9000.00 fremur en kr. 8500.00, í eigin vasa, en

ákærði Ingjaldur greiddi dráttarvélina og fylgitæki hennar á skrifstofu Gísla Jónssonar & Co með kr. 7118.91 að meðtöldum söluskatti sama dag og Þorgrímur Einarsson keypti þessi tæki fyrir milligöngu Sigurðar Benediktssonar, og var þetta verð það, sem selja mátti vélina á. Virðist því ágóðahlutur ákærða Ingjalds af sölu tækjanna hafa numið kr. 5881.09, en hlutur ákærða Guðmundar kr. 9000.00, eins og fyrr segir. — Ekki er vitað til, að ákærði Ingjaldur hafi greitt Haraldi Gíslasyni neitt fyrir að útvega sér margnefnda dráttarvél og fylgitæki hennar, en upplýst er, að ákærði Guðmundur greiddi Sigurði Benediktssyni kr. 200.00 fyrir að útvega honum kaupanda að umræddum tækjum. Þeir Þorgrímur Einarsson og Sigurður Benediktsson hafa jafnan haldið því fram við rannsókn málsins, að dráttarvélin og tilheyrandi tæki með henni hafi verið ný og ónotuð með öllu, þegar Þorgrímur keypti hana. Hins vegar hefur Haraldur Gíslason og þó sérstaklega ákærði Ingjaldur haldið því eindregið fram, að a. m. k. dráttarvélin hafi verið eitthvað notuð. Vegna þessa var þeim Pálma Einarssyni landnámsstjóra, Rauðarárstíg 36, og Árna G. Eylands, fulltrúa í atvinnumálaráðuneytinu, falið að skoða og láta uppi álit sitt um, hvort dráttarvélin, sem hér ræðir um, og fylgitæki hennar væru ný og ónotuð, þar sem tæki þessi voru geymd hjá Þorgrími Einarssyni, núverandi eiganda þeirra.

Í álitserð sinni segja fyrrnefndir menn, að það sé álit þeirra, að vélarnar og tækin, sem hér ræðir um, sé allt nýtt og ónotað, þótt sjá megi á áferð málningar og því um líku, að hlutirnir séu ekki alveg nýkomnir frá verksmiðju.

Um slit og önnur merki notkunar sé hvergi að ræða.

Þegar eftir að Þorgrímur Einarsson keypti dráttarvélina og tækin, sem með henni fylgdu, gerðist hann óánægður með kaupin, þar eð hann kveðst hafa séð fram á, að þessi tæki voru ekki nálægt því 22000 króna virði, eins og hann hafði greitt fyrir þau, og auk þess hafi dráttarvélin ekki verið hagkvæm til þeirra nota, sem Þorgrímur hugðist hafa af henni.

Kveðst hann því hafa reynt að selja vélina og tækin, sem fylgdu henni, á sama verði og hann keypti hana, en enginn hafi viljað kaupa. Síðan sneri Þorgrímur sér til ákærða Guðmundar og kveðst hafa beðið hann um að taka vélina aftur og endurgreiða sér hana eða að endurgreiða sér það, sem hann taldi vera fram yfir rétt verð hennar og tækjanna, sem fylgdu henni, en Þorgrímur telur, að hlutir þessir séu ekki nema 10000 króna virði. Hvorugt af þessu segir hann ákærða Guðmund hafa viljað, eða öllu heldur hafi hann ekki anzað málaleitan sinni. Sneri Þorgrímur sér síðan til verðgæzlunnar með beiðni um, að hún aðstoðaði sig við að fá einhverja leiðréttingu mála sinna. Beiddist verðgæzlustjóri síðan rannsóknar á máli þessu með bréfi, dags. 7. desember s.l.

Ákærði Guðmundur hefur tekið fram út af þessu, að hann hafi ekki tekið í mál að endurgreiða nokkurn hluta kaupverðs umræddra tækja eða að öðrum kosti að taka við þeim aftur, bæði vegna þess að langur tími var þá liðinn, frá því að Þorgrímur hafði keypt tækin, svo og vegna þess að Þorgrímur gæti sjálfum sér kennt um að kaupa tækin á þessu verði.

Hins vegar kveðst ákærði Guðmundur hafa boðizt til að reyna að selja tækin fyrir Þorgrím, en ekki hafi hann virzt hafa áhuga á því, því að hann hafi umsvifalaust snúið sér til skrifstofu verðgæzlustjóra og kvartað þar undan hinu háa verði, sem hann hafði keypt tækin á.

Samkvæmt álitu þeirra Pálma Einarssonar og Árna G. Eylands, sem getið er um hér að framan, verður að telja nægilega sannað, að dráttarvélin, sem hér ræðir um, svo og tæki þau, sem henni fylgdu, hafi verið ný og ónotuð, þegar þeir ákærðu seldu þessa hluti, og hafi því um sölu þeirra gilt ákvæði tilkynningar verðlagsstjóra nr. 31 16. ágúst 1950 um hámarksverð á nokkrum vörutegundum, en samkvæmt þessari tilkynningu er aðeins heimiluð ein álagning á þessa hluti.

Rétt verð samkvæmt fyrrnefndri tilkynningu á dráttarvélinni og tækjunum, sem fylgdu henni, mun hafa verið kr. 7118.91 að söluskatti meðtöldum, en á þessu verði seldi Gísli Jónsson & Co ákærða Ingjaldi dráttarvélina og fylgitæki hennar. Allt annað verð, sem herra var en þessari upphæð nam, á fyrrnefndum hlutum verður því að telja rangt og óleyfilegt samkvæmt þágildandi verðlagsákvæðum, og telst því ljóst, að með því að selja hluti þessa á rúmlega þreföldu verði, miðað við leyft hámarksverð, hafi báðir ákærðu, Ingjaldur Kjartansson með því að láta selja hlutina og veita móttöku miklu hærri upphæð fyrir þá en hann vissi, að leyfilegu hámarksverði á þeim nam, og ákærði Guðmundur Jónsson með því að framkvæma sölna fyrir hann, gerzt brotlegir við 1. mgr. 4. gr. sbr. 3. mgr. 19. gr. laga nr. 35 27. apríl 1950 um verðlag o. fl., sbr. 2. mgr. 17. gr. sbr. 2. mgr. 39. gr. reglugerðar nr. 82 31. júlí 1947 um verðlagseftirlit o. fl. Þykir refsing þeirra eftir atvikum og með tilliti til þess hagnaðar, sem þeir höfðu af sölu margnefndra hluta, hæfilega ákveðin 5000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 40 daga í stað sektarinnar, greiði ákærðu hana ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Í sambandi við tildæmda refsingu ákærða Ingjalds þykir rétt að geta þess, að við ákvörðun refsingarinnar er einnig höfð hliðsjón af því, að ekki verður annað séð en að ákærði Ingjaldur hafi keypt dráttarvélina og fylgitæki hennar í þeim tilgangi einum að selja hana, en virðist alls engin not hafa ætlað að hafa af henni sjálfur. Þykir þetta ekki gera hlut ákærða Ingjalds neinu betri en ákærða Guðmundar í máli þessu, þótt ákærði Guðmundur ákvæði verðið svo hátt, sem raun bar vitni, og framkvæmdi sölna.

Þorgrímur Einarsson hefur krafizt þess, að ákærðu endurgreiði honum það af söluverði dráttarvélarinnar og fylgitækja hennar, sem kynni að reynast fram yfir leyfilegt verð hennar og féll í hlut ákærðu, eftir að Þorgrímur greiddi þessa hluti.

Báðir hafa hinir ákærðu lýst yfir því, að þeir féllust ekki á að endurgreiða Þorgrími neitt af þessum hagnaði þeirra. Samkvæmt því, sem hér að framan er sagt um rétt verð dráttarvélarinnar og fylgitækja hennar, þ. e. að það hafi verið kr. 7118.91 og að allt annað verð, sem herra var en þessari upphæð nam, hafi því verið rangt og óleyfilegt, þykir rétt og sjálfsagt, að ákærðu endurgreiði kaupanda hlutanna, Þor-

grími Einarssyni, þann hagnað, sem þeir höfðu af sölunni og telja verður samkvæmt framansögðu hafa verið ólöglegan. Samkvæmt því, sem hér að framan er sagt um rétt verð hlutanna og það verð, sem ákærði Guðmundur Jónsson seldi Þorgrími Einarssyni þá á, hefur hagnaður ákærðu af sölu þeirra verið kr. 14.881.09, og þykir samkvæmt þeirri niðurstöðu, sem þegar er fengin, bera að dæma þá ákærðu in solidum til að greiða Þorgrími Einarssyni þessa upphæð innan 15 sólarhringa frá birtingu dóms þessa.

Ákærðu, Ingjaldur og Guðmundur, greiði hvor skipuðum verjanda sínum, Kristjáni Guðlaugssyni hrl. og Þorvarði K. Þorsteinssyni hdl., kr. 400.00 í málsvarnarlaun, en allan annan sakarkostnað greiði þeir ákærðu in solidum.

Á máli þessu hefur orðið talsverður dráttur. Stafar hann af því, að skipuðum verjendum ákærðu, þó aðallega Kristjáni Guðlaugssyni hrl., voru veittir ítrekaðir framlengdir frestir til að skila vörnum sínum. Dróst það í um 4 mánuði fram yfir upphaflega ákveðinn tíma, að verjendurnir skiluðu vörnum sínum, og afsökuðu þeir þenna drátt með önnum sínum og tóku sumarleyfis og Kristján auk þess með veikindaforföllum sínum síðari hluta sumars.

Ekki þykir þessi dráttur verjendanna vera nægilega réttlættur og ber að víta þá fyrir hann, sérstaklega Kristján Guðlaugsson hrl., sem telst bera frekari ábyrgð á drættinum.

Dómsorð:

Ákærðu, Ingjaldur Kjartansson og Guðmundur Jónsson, greiði hvor 5000 króna sekt til ríkissjóðs, og afpláni þeir hvor sektina með varðhaldi í 40 daga, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærðu greiði in solidum Þorgrími Einarssyni, Smyrilsvegi 22 hér í bæ, kr. 14.881.09 innan 15 sólarhringa frá birtingu dóms þessa.

Ákærðu greiði hvor um sig skipuðum verjanda sínum, Kristjáni Guðlaugssyni hrl. og Þorvarði K. Þorsteinssyni hdl., kr. 400.00 í málsvarnarlaun, en allan annan sakarkostnað greiði ákærðu in solidum.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.